

# Ársfundur Samfélagssjóðs Fljótsdals

Haldinn í Végarði mánudaginn 09.12.2024, 17:00



Mætt eru: Signý Ormarsdóttir, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Helgi Gíslason, Halla Auðunardóttir og Páll Baldursson. Þórhallur Jóhannsson og Arna Björg Bjarnadóttir tóku þátt í fundinum í gegnum Teams.

## Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Starfsemi sjóðsins og ársreikningur 2023
3. Breytingar á skipulagsskrá
4. Kynning á nýjum úthlutunarreglum
5. Tilkynning um stjórn sjóðsins
6. Önnur mál

Formaður bauð alla velkomna og setti fund.

### 1. Skýrsla stjórnar

Signý Ormarsdóttir formaður fór yfir helstu þætti í starfi sjóðsins sl. ár og jafnframt frá stofnun hans, þar sem Signý hefur nú ákveðið að gefa ekki lengur kost á sér til setu í stjórn sjóðsins. Fram kom í máli hennar að sjóðurinn hefur stutt vel við fjölmörg áhugaverð í þau 4 ár sem sjóðurinn hefur starfað, en samtals hefur sjóðurinn úthlutað til 69 verkefna og um 44,5 mkr.

Signý þakkaði jafnframt stjórninni fyrir gefandi og gott samstarf á liðnum árum, sem og góðu samstarfi við sveitarfélagið og samfélagið í Fljótsdal.

Varðandi starf sjóðsins á árinu 2024 þá var ákveðið að auglýsa ekki eftir umsóknum á árinu m.a. vegna þess að þó nokkur verkefni var enn ólokið og það var því mat stjórnar að rétt væri að bíða með úthlutun. Farið var í vinnu á árinu að breyta skipulagsskrá sjóðsins með það að markmiði að einfalda umgjörð hans. Uppfærð skipulagsskrá var í framhaldi samþykkt á fundi stjórnar í júní og staðfestar í ágúst af Sýslumanninum Norðurlandi vestra.

### 2. Starfsemi sjóðsins og ársreikningur 2023

Páll Baldursson verkefnastjóri fór yfir ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023. Ársreikningurinn var samþykktur á fundi stjórnar 28.6.2024.

Helstu niðurstöður:

Gjöld: Úthlutaðir styrkir 2023: 7.435.000,- Laun og launatengd gjöld: 1.001.101,- og annar rekstrarkostnaður: 2.144.737,- (Hærrí rekstrarkostnaður skýrist af því að verkefnið Fögur framtíð leggur ekki lengur til vinnuframlag)

Tekjur: Úthlutaðir styrkir sem hafa verið felldir niður: 400.000,-

Rekstrarniðurstaða ársins: -8.354.711,-

Eignir sjóðsins í árslok: 28.272.425,-

Skuldir (styrkloforð): 6.854.012,-

Eigið fé í árslok: 21.418.413,-

Jafnframt kom fram að ákveðið var að auglýsa ekki eftir umsóknum í sjóðinn á árinu, þ.a.l. hefur starf sjóðsins verið einfaldara á yfirstandandi ári. Flestum verkefnum er nú lokið en nokkur hafa fengið aukin frest til þess að klára.

### 3. Breytingar á skipulagsskrá

Kynntar voru þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagsskrá sjóðsins. Á fundi stjórnar í júní var samþykkt tillaga um breytingu á skipulagsskrá og í framhaldi var óskað eftir staðfestingu Sýslumannsins á Norðurlandi vestra á breytingunum sem staðfesti þær og voru þær formlega birtar í Stjórnartíðindum í byrjun ágúst.

### 4. Kynning á nýjum úthlutunarreglum

Kynntar voru nýjar úthlutunarreglur sem stjórn samþykkti á fundi sínum fyrir í dag. Um er að ræða mun einfaldari reglur en þær eldri. Úthlutunarreglurnar verða birtar á heimasíðu sjóðsins á vefsíðu Fljótsdalshrepps.

### 5. Tilkynning um stjórn sjóðsins

Stjórn staðfesti á fundi sínum 9.12.2024 breytingu á stjórn sjóðsins. Út úr stjórn fara Lárus Heiðarsson og Signý Ormarsdóttir en inn koma Brynjar Darri Sigurðsson og Páll Baldursson.

Eftirfarandi skipi þ.a.l. stjórn Samfélagssjóðsins í Fljótsdal frá og með 1.1.2025:

Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir, Brynjar Darri Sigurðsson Kjerúlf og Páll Baldursson

### 6. Önnur mál

Jóhann tók til máls og vildi þakka þeim Lárusi og Signýju kærlega fyrir gott og árangursríkt samstarf og þeirra framlag fyrir sjóðinn. Jafnframt þakkaði hann Signýju sérstaklega fyrir störf hennar fyrir sjóðinn en hún hefur verið formaður frá stofnun en hún hefur átt stóran þátt í því að byggja upp faglegt starf fyrir sjóðinn og fyrir þróun hans. Aðrir stjórnarmenn tóku einnig undir þakkir til Lárusar og Signýjar.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 18:20

Fundargerð ritaði Páll Baldursson